

# Viðlagafjara

Skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að  
breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015 – 2035  
og nýtt deiliskipulag í Viðlagafjöru

4. júní 2021



aia

A1464-003-U01

## 1. Aðdragandi og forsendur

Fyrirtækið Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf. áformar að hefja eldi á laxfiskum í Viðlagafjöru. Fyrirtækið hyggst sækja um leyfi fyrir landeldi á 5.000 tonnum af laxfiski á ári með möguleika á stækkan í allt að 10.000 tonn gangi verkefnið vel. Fyrirtækið og Vestmannaeyjabær skrifuðu undir viljayfirlýsingu þann 9. september 2020, þar sem áhugi beggja aðila um samvinnu og velvilja fyrir landeldi kom fram.

Megin markmið framkvæmdarinnar er að ala laxaseiði og skapa rými fyrir iðnað í formi fiskeldis í Eyjum. Fiskeldi fellur vel að þekkingu og reynslu Eyjamanna í framleiðslu og sölu á fiski auk þess sem innviðir með tilliti til þjónustu og flutninga eru allir til staðar. Með verkefninu skapast talsvert af störfum á svæðinu auk afleiddra starfa en ýmis afleidd tækifæri geta einnig sprottið af verkefninu.

Vestmannaeyjabær hefur ákveðið að hefja undirbúning aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags þar sem mörkuð verður stefna um staðsetningu fiskeldisins, stærð lóðar og skipulag innan hennar, aðkomu að svæðinu og byggingar og mannvirki tengd eldinu. Fiskeldið er áformað í Viðlagafjöru en þar er í dag efnistöku og efnislosunarsvæði sem er nokkuð raskað.

Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja, um að heimilt verði að setja fiskeldi í Viðlagafjöru, styður við meginmarkmið aðalskipulags Vestmannaeyja um að Vestmannaeyjar séu öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin (kafli 3.1).


Gróf staðsetning aðalskipulagsbreytingar og væntanlegs deiliskipulags er merkt með rauðum hring inn á meðfylgjandi loftmynd sem fengin er af <https://map.is/vestm/>.



## 2. Nánar um framkvæmdina

Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf. hefur kynnt fyrirhugaða fiskeldisstöð í drögum að tillögu að matsáætlun sem var til almennar kynningar í apríl 2021. Verkefnið snýr að því að reisa 5.200 tonna fiskeldi á landi, með möguleika á stækkuin í allt að 10.000 tonn gangi verkefnið vel. Gert er ráð fyrir að stöðin verði byggð upp í áföngum og að við fullan rekstur muni stöðin samanstanda af u.þ.b. 28 eldiskerjum, hvert með 26 m þvermál og 16 eldiskerjum með þvermálið 16 m. Auk þess eru þrí sjóvatnsforðatankar á svæðinu með 26 m þvermál en áætlað er að sjórinn í þá komi úr sjóborholum við ströndina. Eftir að sjórinn fer um stöðina fer hann í fráveitu og endar í hreinsitjörn. Stöðin mun vera stölluð og lækka í landi eftir því sem nær dregur sjávarkambi. Um 1,5-2 MW af raforku mun þurfa að jafnaði til að sinna stöðinni og árlega þarf að fóðra fiskinn með um 11.600 tonnum af fóðri. Súrefni, eldisseiði, fóður og umbúðir til þökkunar munu koma frá landi. Fyrir eldið verður byggt þjónustuhús með fóðurgeymslu, stjórnstöð, skrifstofum og vinnslu fyrir afurðir.

Í drögum að tillögu að matsáætlun setti framkvæmdaraðili fram teikningu sem sýnir mögulega grunnmynd af fiskeldisstöðinni (mynd 1). Hún er sýnd hér til skýringar en staðsetning og umfang starfseminnar verður til umfjöllunar í aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi og getur breyst frá því sem hér er sýnt.



Mynd 1: Grunnmynd að fiskeldisstöð úr drögum að tillögu að matsáætlun (teikning Efla<sup>1</sup>).

Í drögum að tillögu að matsáætlun segir framkvæmdaraðili frá ástæðum þess að Viðlagafjara er valin sem hentug staðsetning fyrir fiskeldið. Nefnt er að þar sem svæðið hafi verið nýtt til efnistöku í mörg ár þá sé svæðið raskað. Staðsetningin er hentug vegna nálægðar við höfn en sé þó langt frá byggð banniq að staðsetningin ætti ekki að hafa í för með sér sjónræn áhrif. Hægt er um vik að koma fyrir

<sup>1</sup> Siá drög að tillögu að matsáætlun á vef Efla <https://www.eftla.is/mat-a-umhverfisahrifum/laxeldi-i-vestmannaeyjum>

viðtakatjörn á svæðinu sem er betri kostur en að leggja fráveitulagnir út í sjó þar sem þær yrðu útsettar fyrir miklu brimi og skemmdum þess vegna. Þá er bent á að ekki séu margir álitlegir staðsetningarkostir í nágrenninu þar sem mikið er af svæðum í kring sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint athafnasvæði nokkru vestan við fyrirhugað framkvæmdarsvæði, uppi í nýja hrauninu. Litið var til þeirrar staðsetningar fyrir fiskeldisstöðina en fljótlega sást að sað valkostur var ekki raunhæfur í ljósi þess að svæðið er í mikilli hæð (um 50-60 m) og rekstur á fiskeldi þar yrði mjög óhagstæður miðað við hönnunarforsendur, þá sérstaklega sjódælingar, sem væru afar óhentugar fyrir þá stöð, bæði með tilliti til umhverfis og raforkukostnaðar.

### 3. Staðhættir og skipulag

Viðlagafjara er austast við strönd hraunsins sem rann til sjávar í gosinu 1973. Fyrir gos var svæðið tölувert frá strönd og sjávardýpi á þeim tíma líklega um 18-25 m en í dag stendur fjaran nokkuð neðar en hraunið umhverfis. Eldfellsvegur liggar frá þéttbýlinu um Kirkjubæjarhraun og niður í Viðlagafjöru. Rétt áður en komið er að svæðinu við Viðlagagjöru, þegar ekið er eftir veginum, er áningarstaður fyrir ferðamenn og íbúa. Nokkuð er um að ferðafólk og íbúar fari um fjöruna á leið sinni í Urðarvita sem er þekkt kennileiti í sérstæðu umhverfi.

Þegar komið er í Viðlagafjöru sést að svæðið er nokkuð raskað eftir efnistöku liðinna ára. Gróðurþekja á svæðinu við Viðlagafjöru er lítil sem engin og yfirborðið að mestu þegar snortið hraun; sandur og grjót. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands skilgreinir vistgerð svæðisins sem Eyðihraunsvist sem er gróðurlítil og verndargildi lágt. Vestmannaeyjar eru mikilvægar varpstöðvar sjófugla og þar má finna nokkrar tegundir sem njóta verndar. Þessarra tegunda gætir lítið í Viðlagafjöru og þar er ekki mikið fuglalíf. Þar er helst að finna máfa, einstaka tjalda og sandlóur að sumri.

Engar minjar eru þekktar á skipulagssvæðinu enda hraunið nýtt land.

Í Viðlagafjöru hefur verið tekið efni í framkvæmdir í áratugi og ber svæðið þess skýr merki með töluberðu raski vegna efnistöku. Efnið hefur bæði verið tekið úr fjörunni þar sem efnið endurnýjar sig með hafstraumum, en einnig úr kubbabergs- og rauðamalarnámu ofan við fjöruna.

Í Viðlagafjöru er í aðalskipulagi 2015-2035 afmarkað 20,1 ha efnistökusvæði E-1 með eftirfarandi skilmálum:

*Efnistökusvæði í Viðlagafjöru. Þar er unnninn sandur úr fjörunni og basalt og gjall er unnið og malað. Efnisnám á svæðinu er heimilt skv. ákvörðun sveitarfélagsins. Metið vinnanlegt efni á svæðinu er 100-150.000 m<sup>3</sup> auk efnisnáms úr fjörkambinum sem ætti að vera sjálfbært.*

*Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir efnisvinnslu, aðstöðu til að taka á móti efni og endurvinna og lagera. Heimilt er að staðsetja á svæðinu iðnaðarstarfsemi sem er tengd efnisvinnslu s.s. steypustöð, malarvinnslu, malbikunarstöð eða svipaðan rekstur.*

*Ofan við Viðlagafjöru er rauðamalar- og gjallnáma en efnið þaðan er að mestu notað í undirlag undir vegi og byggingar. Efni er tekið úr hól og skal gæta að því að góð ásýnd sé að svæðinu þegar komið er að því úr vestri. Einig þarf að gæta að ásýnd frá áningarstað fyrir ferðamenn og íbúa, við Eldfellsveg, áður en ekið er niður í Viðlagafjöru*

Í fjörunni eru tæki tengd efnisvinnslu, brjótar, hörpur og vinnuskúrar en engin stærri mannvirki svo sem steypustöð, malbikunarstöð eða svipaður rekstur eins og heimild er fyrir í aðalskipulagi. Í fyrra aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 var heimild fyrir efnistöku og fiskeldi í Viðlagafjöru en við síðustu endurskoðun aðalskipulagsins var heimild fyrir fiskeldi tekin út þar sem ekkert hafði orðið úr eldinu. Í gildandi aðalskipulagi er möguleiki á fiskeldi á landi á athafnasvæði í Eldfellshrauni, nokkuð

ofan við Viðlagafjöru, eða á hafnarsvæðinu við Eiðið en um leið nefnt að ef til kæmi, þá þyrfti að vinna nánar með staðsetningar innan þessara svæða. Framkvæmdaraðili telur þessa tvo kosti síðri en staðsetningu í Viðlagafjöru og verður nánar fjallað um það í tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

#### **4. Líklegar breytingar á aðalskipulagi**

Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér breytingu á skilmálum um landnotkun í Viðlagafjöru þannig að þar verði heimilt að staðsetja fiskeldisstöð af því umfangi sem hér hefur verið fjallað um. Þróun svæðisins í og við Viðlagafjöru verður til skoðunar í skipulagsvinnunni, landnotkun, efnistaka og aðkoma að svæðinu.

#### **5. Líkleg umfjöllunarefni í deiliskipulagi**


Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnin tillaga að deiliskipulagi þar sem landnotkun er skilgreind frekar s.s. afmörkun lóðar fyrir fiskeldisstöð, fyrirkomulag mannvirkja, landslagsmótun, tengingar við grunnkerfi og aðkoma að svæðinu, þar með talið að Urðarvita.

Í vinnu við deiliskipulagið verður skoðað hvort ástæða er til að afmarka fleiri lóðir á svæðinu, svo sem lóðir fyrir þá starfsemi sem nú þegar er heimil skv. aðalskipulagi eins og malbikunarstöð, steypustöð eða svipaður rekstur. Þá má vera að hagkvæmt sé að afmarka lóðir fyrir rekstur sem getur notið nábýlis við fiskeldisstöð.

#### **6. Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni**

Ekkert deiliskipulag er í gildi í nálægð við Viðlagafjöru.

Viðlagafjara er hluti af stóru svæði við Helgafell og Eldfell sem er á náttúruminjaskrá. Eldhraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í aðalskipulagi Vestmannaeyja var farið yfir þetta svæði og sett hverfisvernd þar sem jarðmyndanir eru sérstæðastar frá gosinu 1973 og hafa haldið sér best en hluti hraunsins er mikið raskað. Í aðalskipulagi er svæðið í kring um Urðarvita hverfisverndað en markmið hverfisverndarinnar er að vernda svæðið til að hægja á landbroti, auk þess sem vitinn er mikilvægt kennileiti og svæði í kring um hann sérstætt. Mannvirkjagerð innan hverfisverndaðra svæða er óheimil nema um sé að ræða almennt viðhald mannvirkja. Á meðfylgjandi korti má sjá staðsetningu Viðlagafjöru (svartur hringur) og afstöðuna til hverfisverndaðra svæða þar í kring, Þorbjörns (HV-6), hluta hraunsins (HV-5) og Urðarvita (HV-25).



Hluti af þemauppdrætti um hverfisvernd í aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Svæði í Viðlagafjöru merkt með svörtum hring.

## 7. Umhverfisskýrsla

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt lögnum skal vinna umhverfismat fyrir áætlun ef hún markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Í þessu tilfelli eru það eftirfarandi stafliður í 1. viðauka sem kallar á mat á umhverfisáhrifum:

10.24. Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek. meðalrennsli eða meira á ári.

Matið fer fram samhliða mótu tillögu um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og gerð nýs deiliskipulags fyrir Viðlagafjöru. Aðferðafræði við umhverfismat áætlana fer eftir alþjóðlega viðurkenndum forskriftum og verður nálgunin við hana sú sama og í gildandi aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Skoða ber hvaða valkostir eru fyrir hendi til að ná þeim markmiðum sem stjórvaldið hefur sett sér og síðan bera þá saman, þ.m.t. við þann kost að aðhafast ekkert og búa við óbreytt ástand. Gera þarf grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem búast má við að framkvæmdir skv. áætluninni hafi veruleg áhrif á og vísa til viðmiða um það hvað telja megi verulegt. Umhverfismatið, ásamt niðurstöðu, verður sett fram í umhverfisskýrslu sem verður hluti af greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Helstu þættir skipulagstillagnanna, um breytingar vegna fiskeldis, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru fiskeldisstöðin sjálf, mannvirkjagerð vegna fiskeldisstöðvar, efnistaka og fráveita. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar sem eru; **atvinnulíf, náttúra og grunngerfi**. Umhverfisþættir eru valdir í samræmi við eðli áætlunarinnar, leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og litið er til fyrirmynnda í umhverfisskýrslu aðalskipulags Vestmannaeyja, drögum að tillögu að matsáætlun fyrir eldisstöð laxfiska í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum og í fleiri áætlunum.

Tengt hverjum umhverfisþætti er litið til matssprunginga og viðmiða sem sett voru fram í umhverfisskýrslu fyrir aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Viðmiðin eiga sér bakgrunn í íslenskum og erlendum stefnuskjölum á svíði skipulags- og umhverfismála og íslenskum lögum.

Við mat á umhverfisáhrifum breytingar á aðalskipulagi verður gerður samanburður við núllkost, en í því felst að meta áhrif þess að fara ekki í þær framkvæmdir sem breytingin felur í sér. Núllkosturinn felur í sér að engin fiskeldisstöð verði heimiluð í Viðlagafjöru.

Í nágildandi aðalskipulagi er nefnd möguleg staðsetning fyrir fiskeldi á landi á athafnasvæðinu á hrauninu ofan við Viðlagafjöru og á Eiðinu. Í umhverfisskýrslu verður fjallað um þessa kosti.

## 8. Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og send Skipulagsstofnun til umsagnar. Aðrir umsagnaraðilar eru:

- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknastofnun

Ábendingar sem berast við kynningu lýsingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi en verður ekki svarað með formlegum hætti. Kynningartími lýsingar hefur oft verið miðaður við 2 vikur en þar sem þessi kynning er að sumri til er hann hafður lengri. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður kynnt á vinnslustigi og gefst þá aftur kostur á að koma á framfæri ábendingum. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi fullunnin og lögð fyrir bæjarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar.

Tillagan verður síðan auglýst í víðlesnu dagblaði, heraðsblaði og á vef sveitarfélagsins og mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Vestmannaeyja. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasendum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.